

2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi

<p>Þemu</p> <ul style="list-style-type: none">Að hvaða marki, foreldrar, forráðamenn og fjölskyldur eru virkir þátttakendur í starfi skólans.	<p>Yfirlit gæðagreinis</p> <p>Þessi gæðagreininir varðar þátttöku foreldra, forráðamanna og fjölskyldna nemenda og sýn þeirra á gæði menntunar sem börn þeirra fá¹. Hann beinir sjónum sérstaklega að núverandi reynslu þessara hópa.</p>
<p>Dæmi um einkunnina 5</p> <ul style="list-style-type: none">Foreldrar allra nemenda, líka þeirra sem eiga erfitt uppdráttar í skólanum, gegna mikilvægu hlutverki í námi og þroska barna sinna. Þeir taka virkan þátt á fundum og viðburðum sem skólinn boðar til. Þeir leggja af mörkum eins og þeim er unnt til menntunar og þroska barna sinna, öryggis þeirra og heilsu með virkum stuðningi og frumkvæði að aðgerðum, ásamt starfsfólki skóla og samstarfsaðilum. Foreldrar og foreldrasamtök eru örugg í samstarfi við okkur. <p>Foreldrar, forráðamenn og fjölskyldur eru ánægð með gæði menntunar sem við bjóðum upp á. Foreldrar láta í ljósi að við gefum þeim skýrar upplýsingar og skilaboð um námsframvindu barnanna og að við bregðumst skjótt og á gagnlegan hátt við skoðunum þeirra og fyrirspurnum. Foreldrar greina frá því að skólinn styðji þá og hvetji til að taka þátt í umræðum um menntun og hvernig þeir geti lagt af mörkum til þróunar skólans. Þeir eru mjög ánægðir með þau tækifæri sem þeir hafa til að stuðla að framförum í námi hjá börnum sínum.</p> <p>Dæmi um einkunnina 2</p> <ul style="list-style-type: none">Hluti foreldra, ásamt þeim foreldrum sem eiga börn sem þurfa sértæk úrræði fær ekki nægjanlegan stuðning varðandi nám barna sinna. Hluti foreldra tekur ekki virkan þátt í samvinnu um nám barna þeirra. Samtök foreldra/foreldrafélög styðja skólastarfið en svigrúm er til frekari þátttöku þeirra. Aðsókn á foreldrafundi er í lágmarki og foreldrar fá takmarkaðar upplýsingar um námskrána, nám og kennsluhætti. <p>Foreldrar, forráðamenn og fjölskyldur eru ekki alls kostar ánægð með gæði menntunar sem við veitum. Foreldrum finnst að þeim séu ekki gefin nægjanleg tækifæri til áhrifaríkrar þátttöku og samræðu um nám barna sinna og námsframvindu. Þeim finnst þeir ekki alltaf vera í aðstöðu til að vekja máls á áhyggjum af framförum barna sinna og að þeim séu ekki gefnar nægjanlegar upplýsingar.</p>	

¹ Vísbendingar koma úr vettvangsathugunum, beinum samskiptum, samræðum og greiningu á viðeigandi gögnum og skjölum, spurningakönnunum og samræðum við hópa og einstaklinga sem fulltrúa skólans. Upplýsingar um kvartanir og hrós frá foreldrum og þátttöku foreldra á foreldrafundum gefa einnig vísbendingar.